

Vinnuhópurinn um skráningu rafrænna gagna hefur starfað síðan í árslok 2008.

Í hópnum eru:

Anna Kristín Stefánsdóttir (HR),  
Dögg Hringsdóttir (Landskerfi),  
Fanney Sigurgeirsdóttir (Landskerfi),  
Guðrún Kjartansdóttir (Landspítali),  
Gunnhildur Björnsdóttir (HÍ - Menntavísindasvið),  
Halldóra Kristbergisdóttir (Fjármálaráðuneyti),  
Magnhildur Magnúsdóttir (LBS-HBS),  
Þóra Gylfadóttir (HR) og  
Þórunn Erla Sighvats (Orkustofnun).

Hópurinn kallar sig Skráargatið (ætlar sér að finna „gat í skráningunni“ til þess að koma upplýsingum um rafrænt fyrir á Gegnir.is). Hópurinn hefur haldið sex fundi. Lesa má um Skráargatið og sjá fundargerðir og brátt þessa skýrslu á: <http://www.landskerfi.is/faghopar.php>

Þetta eru þau verkefni sem hópurinn setti sér fyrir:

#### **Samhliða prentað og rafrænt efni; ein færsla eða tvær?**

1. Hópurinn tekur afstöðu til þess hvort skrá skuli í eina eða tvær færslur hliðstætt prentað (físískt eintak) og rafrænt efni (óefniskennt)
2. Hvernig er hægt að léttja og einfalda vinnu ef skráðar verða fleiri en ein færsla fyrir útgáfuverk, s.s. með „fixum“, templeitum, „parlínkum“ og öðru sem Aleph 500 býður upp á
3. Notendur Gegnir.is vilja geta afmarkað við rafrænt efni í leit – hvernig er hægt að koma til móts við þá?

Áfanga er náð um þessi áramót (3.) og verður hér gerð grein fyrir hvar hvert verkefni er statt.

#### **1. Samhliða prentað og rafrænt efni; ein færsla eða tvær?**

Vinnuhópurinn er sammála um að skrá þurfi **tvær færslur** í Gegni, eina fyrir pappír og aðra fyrir rafræna gagnið. Rökin eru þau að sé báðum formunum „troðið“ í eina færslu (eins og nú er gert) hlýtur annað að „týnast“ í leit því [www.gegnir.is](http://www.gegnir.is) getur einungis birt eina línu fyrir hverja færslu í „stuttlista“ – annað hvort fyrir prentaða gagnið eða það rafræna. Hvort á þá að vera rétt hærra? Það fer eftir notanda hverju sinni hvort formið er honum/henni mikilvægara.

- a) Því þarf að endurskoða reglurnar um 856 sviðið með tilliti til þessa. Skráargatið er tilbúið til þess að leggja krafta sína í þá vinnu.

- b) Einnig þarf að skipta upp færslum þar sem prentað og rafrænt er í sömu færslunni og búa til tvær færslur í stað einnar. Þessi vinna mun að mestu lenda á starfsmönnum Landskerfisins og Landsbókasafns en Skráargatskonur skjóta sér ekki undan því að gera það sem gera þarf.

## 2. Hvernig er hægt að léttu vinnuna ... ?

Ekki eru komnar neinar lausnir á þessu, þær snúast mikið um tæknilega hluti og mögu- og sveigjanleika Aleph-kerfisins. Eins og í 1. b) er þetta verk sem liggur hjá Landskerfinu.

## 3. Afmörkun rafræns efnis

- Fanney og Dögg hjá Landskerfinu hafa búið til sýndargrunn fyrir rafrænt efni. Skilyrðið í honum er að færsla innihaldi 856-svið og að seinni vísir sé 0 eða 1
- Hægt er að afmarka leit við rafræna sýndargrunninn
- Hægt er að velja úr felliglugga í ítarleit að takmarka leit við rafrænt efni.
- Sýndargrunnurinn nær til forðafærslna (HOL-færslan)
- Rafrænt efni sem ekki á sér físið eintak finnst þegar leit er afmörkuð við einstakt bókasafn
- Í niðurstöðulista (stuttlista) leitar birtist ták og skýring á að um rafrænt efni sé að ræða (á sama hátt og tímarit, bækur, greinar o.s.frv.)

Eins og fram kemur í fundargerð frá 14. desember 2009 heldur starf hópsins áfram. Enn eru óunnin ýmis verk:

- Heildarendurskoðun 856-skjalsins
- Hvað á að skrá í 856-sviðið. Hér kann að gilda að „less is more“
- Mjög æskilegt er að fá fulltrúa frá almenningubókasafni inn í hópinn

Skráargatið mun hefja vinnu aftur í febrúar 2010.

Sent:  
Skráningarráði  
Landsbókaverði  
Háskólabókavörðum  
FÍNA